

## **ÆVINTÝRI – LEIKLIST**

- **Ævintýri valin sem þekkt eru um allan heim, t.d. Rauðhetta.**

- **Ferlisvinna – spuni.**

**Börnin horfa á myndirnar og saman útbúum við texta þar sem börnin hafa frumkvæðið en kennarinn setur niður hárrétt.**

- **hlutverkaskipan**

- **leikritið sett upp með búningum og æft**

- **sýning og myndbandsgerð**

Leiklist er hópvinna, nemendur vinna saman í hópum og verða að taka tillit til annarra, þannig reynir leiklist á samskiptahæfni nemenda

Háteigsskóli hefur verið móðurskóli í leiklist í vetur. Nemendur sem eru á fyrsta ári á Íslandi hafa tekið þátt í þessari vinnu og vísa ég til heimasíðu Háteigsskóla í því sambandi.

Í móttökudeild notum við leiklistina til að þjálfra orðaforða, samfelld tal, framburð og til að styrkja samskipti okkar á milli. Það eru í raun engin takmörk á því hve hægt er að nýta sér leiklistina í kennslu í tungumálum. Þar getum við felld inn í ritun, lestur, hlustun og tal:

Ritun: í sameiningu spinnum við texta við myndir eða þá hugmynd að leik sem við ætlum að framkvæma.

Mikilvægt er að nemendur hafi frumkvæði að hverju því sem sett er niður á blað og töflu. Kennarinn leiðir þau svo í átt hárréttra skrifa. Mismunandi er hversu langt nemendurnir eru komnir í íslenskunáminu en hér er

tækifæri til að rifja upp kyn nafnorða og aukafall, flokk sagna o.s.frv. (sjá verkefnabækur með Það er leikur að læra og Kanínur og kátir krakkar).

Lestur: Við lesum saman textann sem við höfum sett saman. Einnig eru börnin látin lesa söguna sjálf í bók og með aðstoð kennarans. Það er svo mismunandi hvort til eru spurningar úr sögunni eða hvort kennarinn þarf að út búa þær sjálfur. Þar er hægt að kalla fram leitarlestur, yfirlitslestur, lesskilning og að lesa á milli línanna.

Tal: leiklist er frábært tæki til að örva börnin í tali. Hér er það í raun talið sem er í aðalhlutverki. Börnin þjálfá réttan framburð og hrynjanda. Kennarinn þarf að gæta þess að samtölin í leikritinu séu einföld en samt raunveruleg íslenska.

Hlustun: börnin þjálfast í raun í hlustun í leiðinni, hlusta hvert á annað og kennarann í ritunarvinnunni og í uppfærslu leikritsins. Einnig getur kennarinn lesið söguna fyrir nemendurna.